Samþykkt þann

2 8 MAY 2008

*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Jón Sigurðsson*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skráningartafla:** | Vesturgata 32, 220 Hafnarfirði | | | | | **Skrásetjari:** | Svava Björk Jónsdóttir |
| **Landnúmer:** | 122864 | | | | | **Kennitala:** | 281278-2239 |
| **Matshlutanúmer:** | 01 | | | | Útgáfa: 4.01b | **Dags:** | 12.4.2007 |

**Uppskipting og lýsing** | **Stærðir**

| D0 | D1 | D2 | D3 | D4 | D5 | D5M | D6 | D7 | D8 | D9 | D10a | D10b | D11 | D12 | D16 | | D17 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lokun | Rými hæð-röð | Notkun texti | Höfuð-flokkun | Eignar-hald | Botnflötur m² | Milliflötur m² | Stigar m² | Op m² | Brúttóflötur m² | Brúttóflötur sh < 1,8 | Salarhæð min | Salarhæð max | Brúttó rúmmál m³ | Nettóflötur m² | Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | Skipta-rúmmál m³ |
| | | **Matshluti** | | | 153,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 153,0 | 0,0 | | | 563,5 | 135,7 | 153,0 | | 493,948 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 6,7 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 153,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 153,0 | 0,0 | | | 556,8 | 135,7 | 153,0 | | |
| A | 0101 | **Sýningar og móttökuhús** | N | 0101 | 153,0 | | | | 153,0 | | 2,40 | 4,75 | 556,8 | 135,7 | 153,0 | 3,64 | 493,948 |

**Athugasemdir**

Sráningartafla gerð á grundvelli aðaluppdrátta gerða af Batteríinu arkitektum.

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| | Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál: Séreign m³ | Skiptarúmmál: Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|---|
| | 0101 | **Sýningar og móttökuhús** | 153,0 | 493,948 | 493,948 |
| | | **Alls** | 153,0 | 493,948 | 493,948 |

## Byggingarlýsing fyrir: Vesturgötu 32, Hafnarfirði. "Bungalow"

**Helstu stærðir**

Heildarstærðir hverrar hæðar í $m^2$ og $m^3$: Sjá skráningartöflu

Heildarstærð byggingar í $m^2$: Sjá skráningartöflu

Heildarstærð byggingar í $m^3$: Sjá skráningartöflu

Stærð lóðar: 1136m²

Nýtingarhlutfall: 0,12

Fjöldi bílastæða (bílastæðabókhald): Eitt sérmerkt bílastæði eru á lóð sem er ætlað fyrir aðkomu fatlaðra og fyrir þjónustubifrið. Bílastæði skólpdælustöðvar vestanmegin við byggingu eru samnýtt fyrir Vesturgötu 32.

**Almenn lýsing** Vesturgata 32 er einlyft, bárujárnsklætt timburhús á steyptum sökkulveggjum, með tveim karnöppum á götuhlið og einum á hvorum gafli. Undir húsinu er skriðkjallari. Á húsinu er mænisþak með ca. 19° halla. Aðalinngangur er frá Vesturgötu um forstofu (bíslag) og steyptar útitröppur. Eldhúsinngangur er um bíslag á bakhlið hússins og annar inní herbergi nálægt suðurgafli. Húsið er ríkulega skreytt með tréverki. Gluggar eru tví-, fjór- eða sexskiptir með lausum fögum en gluggar á forstofuinngangi eru margskiptir – s.k. franskir gluggar. Við bakhlið hússins er steinsteyptur kyndiklefi með háum steinsteyptum reykháfi. Ennfremur er á lóðinni skúrbygging úr steini. Skúrbygging ásamt kyndiklefa á austurenda hússins verða rifin. Endurbyggður verður skorsteinn frá fyrri tíð, ástæða fyrir staðsetningu eldstæðis samkvæmt uppdráttum er að ekki er vilji fyrir því að rýra gólfpláss sýningarsvæðis í öðrum hluta hússins en umrætt rými þar sem eldstæði er á að endurspegla stofur frá fyrri tímum og er eldstæði gott innlegg í það.

**Starfsemi:** Sýningar og móttökuhús, fyrir allt að 100 manns. Verður notað undir sýningar á vegum Byggðarsafns Hafnarfjarðar og móttökur á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

**Aðkoma, lóð og gróður:** Lóð Vesturgötu 32 liggur við gangstétt. Húsið sjálft er á tæplega meters háum palli. Graslagt en enginn trjágróður. Klettaveggur er í austurenda lóðar.

Aðgengi:
Aðkoma fyrir fatlaða er við norðurenda hússins þar sem eitt sérmerkt bílastæði er fyrir fatlaða. Hjólastóla lyfta er við útitröppur við aðalinngang hússins. Aðkoma að henni er bæði frá sérmerktu stæði um gangstíg og frá gangstétt vestan megin við húsið. Aðgengi innanhús er skipulagt með tilliti til fatlaðra.

**Burðarvirki og einangrun :**

Sökklar og botnplata: 250 mm steinsteyptur múrhúðaður sökkull. Gólf er gert úr gólfbitum sem hvíla á vegglægjum. Í gólfi inn í inntaksklefa er lúga niður í skriðkjallara sem er undir öllu húsinu.

Gólf og hæðarskil: Gólf er viðargólf, einangrað að neðan, klætt nótuðum furugólfborðum og krossviðsplötum.

Útveggir skriðkjallara: 250 mm steinsteyptur múrhúðaðir veggir.

Útveggir jarðhæðar: Burðargrind hússins er gerð úr 120x150 mm stoðum sem hvíla á vegglægju sem liggur ofan á sökkulveggnum. Utan á grindina er klætt með nótaðri 25x90 mm borðklæðningu en utan á hana kemur tjörupappi og loks bárujárn.

Þak: Þak yfir aðalhúsi er risþak með mæni yfir miðju húsi. Þök yfir útbyggingum (karnöppum) eru uppbrotin bogaþök sem ganga að húsveggnum. Létt þak, asfaltdúkur og bárujárn.

Innveggir: Léttir innveggir eru timburveggir klæddir gipsplötum og þar sem þarf eru krossviðsplötur undir gipsi í veggjum til styrkingar fyrir innréttingar og annað.

**Frágangur og klæðningar:**

Sökklar, botnplata og gólf: Klædd með nótuðum furugólfborðum.

Útveggir: Útveggir eru að innan klæddir gipsplötum, en að utan með tjörupappa og bárujárni.

Þak: Þak er einangrað og klætt að utan með asfaltdúk og bárujárni.

Innveggja- og loftfletir: Gipsklæddir og málaðir að hluta en gips og veggfóður á stofu og gangi.

**Litaval utanhúss:** Útveggjaklæðning/báruklæðning í ljósum lit RAL 1013. Tréverk U-556, antikrautt. Þakfletir í S 7000-N, hreinn grár.

**Gerð útihurða og glugga:** Viðarhurðir og gluggar

**Upphitun:** Ofnakerfi

**Loftræsing:** Viðurkennt loftræsikerfi með stillanlegu hita og rakastigi, vegna starfsemi hússins.

**Inntök og lýsing lagnaleiða:** Inntök verða tekin inn í geymslu í austurenda hússins. Helstu lagnaleiðir eru í skriðkjallara.

**Brunavarnir:** Sjá skýringar brunatákna á teikningum.
Útljós við allar útgöngudyr. Brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð. Handslökkvitæki og reykskynjarar verða staðsett í samráði við slökkvilið höfuðborgarsvæðisins.

VIÐHENGI:

Hafnarfjarðarbær Fasteignafélag

**SÝNINGAR OG MÓTTÖKUHÚS**

VESTURGATA 32 HAFNARFIRÐI **0530**
Landnúmer: 122864
Stgr. 92700320, Mhl. 01

**AÐALUPPDRÁTTUR**

SKRÁNINGATAFLA OG BYGGINGARLÝSING

MKV.:
DAGS: 19.08.2008
TEIKNAÐ: SBJ/ÞH
SKRÁ: 0530-A03-SAM-004

**0530-A03-SAM-004**

**ÚTGÁFA 03**

**BATTERÍIÐ**
ARKITEKTAR

**Jón Ólafur Ólafsson FAÍ**
kt: 090658-4099

**Sigurður Einarsson FAÍ**
kt: 110457-2789

**Sigurður Harðarson FAÍ**
kt: 030446-3999

kt: 521291-1259
Trönuhrauni 1
220 Hafnarfirði

S: 54 54 700 F: 54 54 701
Netfang: batteri@arkitekt.is
Heimasíða: www.arkitekt.is

© BATTERÍIÐ EHF
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA